



Reykjavík 20. apríl 2020

Reglugerð Þríþrautarsambands Íslands (ÞRÍ) um félagaskipti

1. gr.

Félaga í þríþrautarfélagi er almennt frjálst að skipta um félag óski hann þess. Framkvæmd félagaskipta skal vera eins og lýst er í 2. og 3. grein

2. gr.

Hafi félagsmaður ekki keppt á skráðu þríþrautarmóti undanfarin tvö ár, er ekki þörf á að tilkynna félagaskiptin. Viðkomandi skráir sig einfaldlega hjá nýju félagi og tekur skráningin gildi samstundis.

3. gr.

Hafi félagsmaður keppt á skráðu þríþrautarmóti undanfarin tvö ár og hyggist hann skipta um félag skal hann tilkynna það skriflega með rekjanlegum hætti (td með tölvupósti) á það félag sem hann hyggst skrá sig úr, og jafnframt senda sömu tilkynningu á ÞRÍ og félagið sem hann hyggst skrá sig í.

Í erindi þessu skal koma fram ósk um félagsskiptin og beiðni um samþykki þess félags sem hann hyggst skrá sig úr.

Viðkomandi félag skal svara sendanda eins fljótt og verða má, með afriti á ÞRÍ og nýja félagið. Um leið og það samþykki liggur fyrir má ljúka félagsskiptum.

Berist ekkert svar frá félaginu sem viðkomandi vill skrá sig úr og engin andmæli innan tíu daga frá því að beiðni um félagaskipti var lögð fram, er litið á það sem samþykki félagaskipta og þau afgreidd. Ef ágreiningur rís um félagaskiptin þarf félagið sem telur á sér brotið að beina erindi til þríþrautarsambandsins varðandi málið innan 10 daga eftir að ósk um félagaskipti barst, til að virkja 5. grein hér að neðan.

Félaga í þríþrautarfélagi er heimilt að keppa fyrir fleiri en eitt íslenskt félag í þríþraut á sama almanaksári.

4. gr.

Ósk um félagaskipti skal eiga uppruna sinn hjá íþróttafólkinu sjálfu. Þríþrautarfélögin mega ekki eiga frumkvæði að félagaskiptum félaga.

5. gr.

Stjórn ÞRÍ er úrskurðaaðili í deilum sem upp koma varðandi félagaskipti. Úrskurði geta aðilar áfrýjað til dómstóls ÍSÍ. Að öðru leyti en að framan greinir vísast til almennra reglna ÍSÍ um móta- og keppendareglur sem í gildi eru á hverjum tíma.

6. gr.

Reglugerð þessi gildir frá og með 21. apríl 2020